

Mál nr. 16/2019**M og
V v/ slysatryggingar sjómanna.****Ágreiningur um hvort sjómaður hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi um borð í fiskiskipi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19. nóvember 2017 varð M fyrir meiðslum um borð í fiskiskipinu A. Í yfirlýsingu skipstjóra A, dags. 16. maí 2018, segir að troll hafi slitnað og það verið slætt upp aftur. Við frágang á trollinu hafi M þurft að klofa yfir trollið og þá misstigið sig samkvæmt frásögn M um atvikið. M hafi ekki kennt sér meins strax og hafi ekki tilkynnt skipstjóra eða stýrimanni um atvikið. Af þeim sökum hafi ekki verið skráð um það í skipsdagbók. Á hinn bóginn hafi M tilkynnt afleysingaskipstjóra um að hann gæti ekki róid vegna meiðsla á hné sem hann hafi orðið fyrir við atvikið 19. nóvember 2017.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 18. maí 2018, sem er undirrituð af M og útgerð A, segir að M hafi misstigið sig.

Í læknisvottorði frá tiltekinni heilbrigðisstofnun, B, dags. 22. maí 2018, segir að M hafi verið við störf sín um borð í A þegar hann hafi stigið yfir trollið á leið upp í krana. Hafi hann þá fests í trollinu og fengið snúningsáverka á vinstra hné. Þetta hafi gerst í byrjun desember og M hafi verið slæmur allan desember og farið í land 16. desember. Staðið hafi til að hann færi aftur á sjó um miðjan janúar en hann hafi leitað til læknis á B 5. janúar. Einnig segir í sama vottorði að M hafi verið hífa inn troll, runnið til og dottið á vinstra hné.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu sjómanna sem útgerð A hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í starfi um borð í A, en með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en útgerð A hafi fyrst fengið vitneskju um atvikið er M upplýsti afleysingarskipstjóra um atvikið og meiðsli sín í byrjun janúar eða um einum og hálfum mánuði eftir að það gerðist. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem er undirrituð bæði af M og útgerð A, segir það eitt að M hafi misstigið sig. Af fyrirliggjandi læknisvottorði frá B verður ekki ráðið með vissu hvernig M varð fyrir meiðslunum á vinstra hné. Að öllu virtu og gegn andmælum V verður við það að miða að hann hafi orðið fyrir meiðslunum við það að misstíga sig er hann steig yfir trollið, eins og fram kemur í fyrrgreindri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. Af því leiðir að meiðslin teljast ekki hafa orðið af völdum utanaðkomandi atburðar og sé því ekki slys í skilningi vátryggingaskilmálanna. Af þeim sökum á hann ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.